

Ed.

35. Frumvarp til laga

[33. mál]

um breyting á lögum nr. 36 14. maí 1955, um breyting á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Flm.: Sigurvin Einarsson, Hermann Jónasson.

1. gr.

2. gr. laganna breytist þannig:

1. Í stað orðanna „nálægt Bakka að Gautsdal“ í B. 75 komi: nálægt Bakka, um Valshamar, Gautsdal og Ingunnarstaði á Vesturlandsveg við Tinda.
2. B. 76 orðist svo:
Reykhólasveitarvegur: Af Vesturlandsvegi við Berufjarðarbotn, kringum Reykjanes á Vesturlandsveg hjá Kinnarstöðum.
3. Á eftir B. 76 komi nýr liður:
Borgarvegur: Af Vesturlandsvegi á Hríshólsmelum um Hafrafell að Borg.
4. B. 77 orðist svo:
Gufudalsvegur: Af Vesturlandsvegi í Þorskafirði um Gröf, Hallsteinsnes, Djúpadal, Gufudal, Skálanes, Kollafjörð að Kletti.
5. Á eftir B. 77 komi nýr liður:
Djúpvegur: Af Barðastrandarvegi á Klettshálsi um Kollafjarðarheiði á Ögurveg í Ísafirði.
6. Í stað orðanna „að Litlanesi“ í B. 80 komi: um Litlanes og Hjarðarnes á Barðastrandarveg í Vatnsfirði.
7. Á eftir B. 82 komi tveir nýir liðir:
 - a. *Tröllatunguvegur:* Af Strandavegi við Hvalsá um Tröllatungu, yfir Tröllatunguheiði á Gautsdalsveg í Geiradal.
 - b. *Trékýllisheiðarvegur:* Af Strandavegi nálægt Bólstað um Trékýllisheiði í Kúvíkur.
8. Í stað orðanna „með álmu frá Melum til Norðurfjarðar“ í B. 84 komi: með álmum frá Melum um Norðurfjörð að Munaðarnesi og Felli.
9. Á eftir B. 86 komi nýr liður:
Gilsstaðavegur: Af Selstrandarvegi um Selárbrú að Gilsstöðum.
10. Aftan við B. 87 bætist: með álmum að Laugalandi og Skjaldfönn.
11. Á eftir B. 88 komi nýr liður:
Grunnavíkurvegur: Frá Sandeyri um Snæfjallaheiði að Sætúni í Grunnavík.
12. Á eftir B. 89 komi nýr liður:
Laugardalsvegur: Af Ögurvegi hjá Strandseljum fram Laugardal, um Blámýrar, Laugaból, Birnustaði, Hrafnabjörg og Hagakot á Ögurveg austan Laugardalsár.
13. Á eftir B. 93 komi tveir nýir liðir:
 - a. *Reiðhjallavegur:* Af Bolungarvíkurvegi í mynni Syðridals að Reiðhjallavirkjun.
 - b. *Skálavíkurvegur:* Frá Bolungarvík um Skálavík ytri að Meira-Bakka.
14. Fyrir orðin „til Álftamýrar“ í B. 108 komi: til Stapadals.
15. Á eftir B. 111 komi nýr liður:
Botnsvegur: Frá Trostansfirði fyrir mynni Norðdals að Langabotni.

16. Í stað orðanna „að Hvammseyri“ í B. 113 komi: um Hvammseyri að Suðureyri.
17. Við B. 115 bætist: með álmu frá Helgubúfu, neðan Aurbrekku um Móberg að Melanesi.
18. B. 116 orðist svo:
Örlygshafnarvegur: Af Rauðasandsvegi austan Hvalskers, um Sauðlauksdal, Örlygshöfn, Hafnarfjall, Breiðuvík, Hvallátra að Bjargtangavita.
19. Aftan við B. 117 bætist: og þaðan um Hænuvík á Örlygshafnarveg við Geitagil.
20. Á eftir B. 117 komi nýr liður:
Siglunesvegur: Af Barðastrandarvegi við Haukabergsá um Holt og Hreggstaði að Siglunesi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

G r e i n a r g e r ð .

Það mun almennt viðurkennt, að fátt hafi meiri áhrif á það, hversu eftirsóknarvert er að búa í sveitum þessa lands, en samgöngur byggðanna. Þar sem samgöngur hafa lengi verið í góðu lagi, er fátt um eyðingar. Hins vegar eru mörg sorgleg dæmi um það, hvernig óviðunandi samgöngur hafa lagt í eyði fjölmargar sæmi-
legar bújarðir og jafnvel hálf eða heil sveitarfélög.

Ekkert hérað er jafnilla sett með samgöngur á landi sem Vestfirðir. Að sjálf-
sögðu verður ekki úr því bætt nema með stóru auknum fjárveitingum, en hins þarf
einnig að gæta, að í tölu þjóðvega séu flestir þeir vegir, sem nauðsynlegt er að
leggja vegna atvinnu fólks og framleiðslu.

Þar sem nú eru liðin 6 ár, síðan vegalögum var síðast breytt, má nærri geta,
að þörf sé nú orðin á endurskoðun þessara mála og þó sérstaklega þar, sem ástandið
er lakast, eins og raun ber vitni um Vestfirði, og þess vegna er frumvarp þetta flutt.